

**Viðauki við samning um framlag skóla- og frístundasviðs
til sjálfstætt starfandi grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis**

1. gr.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og xxxx, kt. xxxxxxxx, gerðu þann [dags. samnings] með sér samning um framlag, vegna nemenda skólans sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

Aðilar framangreinds samnings hafa nú ákveðið að gera viðauka við samninginn.

2. gr.

Aðilar framangreinds samnings hafa ákveðið að gera samkomulag um að gildistími samningsins, [dags. samnings], verði framlengdur þannig að hann nái frá 20. ágúst 2021 til 10. júní 2022 og fyrir tímabilið frá 22. ágúst 2022 til 7. júní 2023. Nú þegar hafa verið greiddar greiðslur vegna tímabilsins 20. ágúst 2021 til 10. júní 2022 og telst það tímabil uppgert. Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar rekstrarframlagi sem endurskoðast árlega sbr. lið 2.3 í tilgreindum samningi.

Skólinn sendir SFS upplýsingar til samræmis við gr. 2.5 í samningi aðila eigi síðar en 15. febrúar 2023 vegna haustannar 2022 og 31. maí 2023 vegna vorannar 2023.

3. gr.

Viðauki þessi telst vera hluti framangreinds samnings frá [dags. samnings] og gilda sömu ákvæði um uppsögn og endurskoðun samningsins.

Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum gilda ákvæði gildandi samnings dags. [dags. samnings]. Að því leyti sem ákvæði þessa viðauka og gildandi samnings kunna að teljast ósamrýmanleg gilda ákvæði þessa viðauka.

4. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á viðaukanum skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

5. gr.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Viðaukinn er undirritaður af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs f.h. Reykjavíkurborgar og fyrirsvarsmanni xxxxx, sem ábyrgist að fyrir hendi sé heimild stjórnar grunnskólans til að undirrita viðauka þennan.

Reykjavík _____

F.h. skóla- og frístundasviðs

F.h. [Nafn rekstraraðila]

Vottar að réttri dagsetningu og undirritun

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og
yfirlýsingu grunnskólans um fjárræði:

DRÖG